

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 9. desember 2012

Á kirkjuþingi 2014 var samþykkt að skora á Alþingi að samþykkja frumvarp til laga um að endurgreiða trúfélögum og lífskoðunarfélögum 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur er af vinnu við endurbyggingu og viðhald kirkna, safnaðarheimila og hljóðfæra. Þingsályktunin hljóðaði svo:

Um endurgreiðslu á virðisaukaskatti

Kirkjuþing 2014 ályktar að skora á Alþingi að samþykkja framkomid frumvarp til laga um að endurgreiða trúfélögum og lífskoðunarfélögum 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur er af vinnu við endurbyggingu og viðhald kirkna, safnaðarheimila og hljóðfæra. Kirkjuþing felur kirkjuráði að fylgja málinu eftir með öllum tiltækum ráðum.

Í greinargerð með tillögunni á kirkjuþingi kom m.a. fram að hér væri um mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir sóknir landsins og sanngirnismál. Mörg félög nytu slíkra niðurfellinga á virðisaukaskatti. Sóknirnar hefðu umsjón með dýrmætum menningarverðmætum sem verði að hlúa vel að. Viðhald kirkna og safnaðarheimila hefði liðið fyrir mikinn niðurskurð á sóknargjöldum undanfarin ár og brýn viðhaldsverkefni látin bíða vegna fjárskorts. Þegar frumkvæði kæmi frá Alþingi um leiðréttingu, þá væri mikilvægt að kirkjuþing fagnaði slíku og fylgdi málinu eftir eins og frekast væri unnt.

Í greinargerð flutningsmanna tillögunnar á kirkjuþingi er einnig vísað til greinargerðar með frumvarpinu á Alþingi en þar kemur m.a. fram, að í því augnamiði að ýta undir aukna starfsemi á byggingarmarkaði og sporna við svartri atvinnustarfsemi í kjölfar bankahrunsins hafi Alþingi samþykkt lög sem mæltu fyrir um 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna íbúðarhúsnæðis og sumarbústaða.

Biskupsstofa tekur undir með kirkjuþingi og telur að ákvörðun um endurgreiðslu virðisaukaskatts, sem greiddur er af vinnu við endurbyggingu og viðhald kirkna, safnaðarheimila og hljóðfæra, verði til mikilla bóta fyrir kirkjur landsins sem hafa verið í framkvæmdum á þessum mikla niðurskurðartíma. Sóknir þjóðkirkjunnar hafa mátt þola meiri niðurskurð en aðrar stofnanir þjóðfélagsins eins og kunnugt er og staðfest hefur verið af innanríkisráðuneytinu.

Virðingarfyllst,
f.h. kirkjuráðs



Ragnhildur Benediktsdóttir,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs